

nefndri grein útsvarslaganna. Það verður því að líta svo á, að gerðarþoli hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík umrætt tímabil og að útsvar hafi því réttilega verið lagt á hann hér. Samkvæmt þessu ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Sökum anna fógetans vegna lögtaksfjöldna hér í bænum hefir eigi verið hægt að taka lögtaksbeiðni þessa fyrir fyrr en nú.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 24. október 1938.

Nr. 23/1938. **Haraldur Elíasson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Lofti Jónssyni og Gunnlaugi Stefánsyni** (Stefán Jóh. Stefánsson).

Kaupkrafa háseta talin tryggð með sjóveðrétti.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en þó með þeirri breytingu, að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir dæmdum fjárhæðum í vélbátnum Bjarna riddara G. K. 9. Svo krefst hann þess og, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins, og verði sú upphæð einnig tryggð með sjóveðrétti í nefndum bát.

Af hálfu hinna stefndu hefir staðfesting héraðsdómsins verið samþykkt, en því mótmælt, að sjóveðréttur verði viðurkenndur. Krefjast þeir þess, að

áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Aðiljar eru sammála um það hér fyrir rétti, að áfrýjandi hafi verið ráðinn háseti á vélbátinn Bjarna riddara á vetrarvertíð 1936 og eigi ógreiddar kaup-  
eftirstöðvar frá vertíðinni, sem nemi fjárhæð þeirri, er honum var dæmd í héraði.

Vélbáturinn Bjarni riddari er talinn 6.4 smálestir að stærð, og er hann skrásettur á fiskiskipaskrá. Þykir mega ráða af ákvæðum 11. kap. sbr. 1. og 2. kap. siglingalaga nr. 56/1914, að sjóveðréttur geti stofnast í slíkum bát. Kemur þá til athugunar sú staðhæfing hinna stefndu, að lögskráning á skip, stærra en 12 smálestir, sé skilyrði fyrir því, að kaupkröfu skipverja fylgi sjóveðréttur samkvæmt 2. tölulið 236. gr. nefndra siglingalaga. Í 5. kap. siglingalaganna voru aðalákvæði þeirra um skipshöfn, sbr. nú sjómannalög nr. 41/1930. Þótt sá kapituli hafi inni að halda ákvæði um lögskráningu á stærri skip en 12 smálestir, verður ekki af honum ráðið, að fyrir-mæli hans hafi eingöngu átt að ná til skipverja á slíkum skipum, enda benda sum ákvæði kapitulans til hins gagnstæða, sbr. 80. gr. e contrario og 3. mgr. 94. gr. sbr. 40. gr. Verður þá ekki heldur talið, að orðið skipshöfn í 2. tölulið 236. gr. laganna beri að skýra þannig, að þar sé ekki átt við aðra skipverja en lögskráða, enda er þar engin takmörkun gerð í þá átt. Og þessari skýringu á ákvæðum nefndrar 236. gr. haggar það ekki, þótt ákvæði 5. kap. laganna séu nú ekki lengur í gildi.

Samkvæmt framansögðu verður að telja áfrýjanda eiga rétt til þess, að krafa hans um viðurkenningu sjóveðréttar verði tekin til greina jafnframt því sem greiðsluákvæði hins áfrýjaða dóms verða staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber hinum stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti in solidum, og ákveðst hann 400 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur Loftur Jónsson greiði áfrýjanda, Haraldi Eliassyni, kr. 234.65 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1936 til greiðsludags og kr. 85.00 í málskostnað í héraði. Svo greiði hinir stefndu, Loftur Jónsson og Gunnlaugur Stefánsson, áfrýjanda in solidum 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Áfrýjandi skal hafa sjóveðrétt í v/b Bjarna riddara G. K. 9 til tryggingar framangreindum kröfum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. febr. 1938.**

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 3. maí 1937 af Haraldi Eliassyni sjómanni, hér í bæ, gegn Lofti Jónssyni, Lindargötu 10 A, hér í bænum, til greiðslu á vangoldnu kaupum að eftirstöðvum kr. 274.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. maí 1936 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, svo og gegn Gunnlaugi Stefánssyni kaupmanni í Hafnarfirði, til viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b „Bjarni riddari“ G. K. 9 til tryggingar nefndum kröfum. Í rekstri málsins hefir stefnandi síðan lækkað kaupkröfu sína í kr. 234.65.

Stefndur Loftur Jónsson hefir mætt sjálfur í málinu, en ekki haft uppi neinar varnir eða gert nokkrar kröfur í því.

Hinsvegar hefir verið mætt af hálfu stefnds Gunnlaugs Stefánssonar og þess krafizt aðallega, að sýknað verði af sjóveðréttarkröfunni og honum tildæmdur málskostnaður

að skaðlausu eftir mati réttarins, en *till vara*, að upphæðin verði færð niður í kr. 134.65 og honum tildæmdur málskostnaður.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndur Loftur hafi ráðið hann til sjóróðra á v/b „Bjarni riddari“ á vetrarvertíð 1936, og síðan hafi hann róið á bátnum nefndan tíma. Hinsvegar hafi Loftur ekki fengizt til að greiða sér umsamið kaup, sem hafi verið kr. 350.00 að frádreginni vöruúttekt, að upphæð kr. 75.35, hjá meðstefndum Gunnlaugi Stefánssyni, eiganda bátsins, svo og áður nefndum kr. 40.00.

*Aðalkröfu* sína um sýknu byggir stefndur Gunnlaugur á þrennu:

1. að stefnandi hafi ekki verið skipverji á v/b „Bjarni riddari“, heldur landmaður.
2. að sjóveðréttur geti ekki stofnast í þeim bát,
3. að sjóveðrétturinn sé fyrndur, þótt talið yrði, að hann hefði stofnast í vélbátum.

Um 1. Með aðiljaskýrslu stefnds Lofts og öðrum gögnum verður það að teljast sannað, að stefnandi hafi verið sjómaður á v/b „Bjarni riddari“ umrædda vertíð, og verður krafa stefnds Gunnlaugs um sýknu af sjóveðréttarkröfunni, byggð á þessari ástæðu, ekki tekin til greina.

Um 2. Það er upplýst í málinu, að v/b „Bjarni riddari“ er 6.4 smál. að stærð, og heldur stefndur Gunnlaugur því fram, að sjóveðréttur til tryggingar kaupkröfum skipverja geti ekki stofnast í svo litlum bát. Telur hann, að þar sem skráningarskylda skipverja sé bundin við 12 smál. stærð á bátum, og skráningarskyldan sé meðal annars sett til að vernda sjóveðrétt skipverjanna, þá verði að líta svo á, að löggjafinn hafi talið ástæðulaust að vernda sjóveðrétt á minni skipum, þar eð ekki geti verið um stofnun sjóveðréttar að ræða, þegar komið væri niður fyrir þá stærð.

Stefnandi byggir kröfu sína um sjóveðrétt á því, að um stofnun og vernd eignarhafta í bátum, 5 smál. og stærri, fari eftir reglunum um fasteignir, og sé því ekkert því til fyrirstöðu, að sjóveðréttur fyrir kaupri geti stofnast í nefndum bát.

Það verður nú ekki fallizt á það, að þessi röksemd stefnanda, sem getið var, skeri úr um það, hvort kaupkröfu skipverja fylgi sjóveðréttur. Því að ákvæði 5. gr.

siglingalaganna lýtur að reglum um samninga varðandi skip, en sjóveð stofnast eftir beinum fyrirætlum laga án veðsamnings. Hinsvegar verður heldur ekki fallið á þá skoðun stefnds, að af nefndum ákvæðum laga um lögskráningarskyldu verði tvímælalaust dregin sú ályktun, að kaupkröfum skipshafnar á smærri skipum en 12 smálestir geti ekki fylgt sjóveðréttur skv. 2. tölulið 236. gr. siglingalaganna, enda kemur sá tilgangur ekki fram í lagaákvæðum um lögskráningu, að nefnd stærðartakmörkun viðvikjandi skráningarskyldunni skuli og setja takmörk fyrir því, í hvaða skipum sjóveðréttur geti fylgt kaupkröfum skipshafnar.

Ákvæði um sjóveðrétt var fyrst leitt í lög hér á landi með siglingalögum frá 1913 og ákvæðið í 236. gr. 2. lið í gildandi siglingalögum er orðrétt tekið úr hinum fyrri lögum, og lýtur vitanlega að tryggingu kaups þeirra manna, sem ráðnir eru á skip eftir fyrirætlum þeirra laga sjálfra, þ. e. þeirra skipverja, sem lögskráðir eru, en lögskráning er nú bundin við skip, sem eru 12 smál. eða stærri.

Þótt skip undir þessari stærð séu óefað sjóveðhæf í sumar áttir, svo sem út af árekstri eða björgun, leiðir ekki þar af, að kaupkröfur skipshafnar á skipum af þessari stærð fylgi sjóveð, enda torvelt að draga nokkursstaðar markalínu eftir stærð, ef hún er ekki miðuð við 12 smál. Þó mætti hugsa sér að miða lágmarksstærð skips, veðhæfs fyrir hér um ræddri tegund sjóveðréttar, við 6 smál., eins og gert er í lögum nr. 104/1936 um atvinnu við siglingar, en þau lög lúta þó aðeins að kunnáttu og starfshæfni yfirmanna, en snerta ekkert það málefni, sem hér er til úrlausnar.

Eins og áður er sagt, er lögskráningarskylda bundin við skip 12 smál. og stærri, og hingað til hefir það ekki verið tíðkað, að lögskrá á minni skip, heldur hefir ráðning á þessi skip verið almennur vinnusamningur, munulegur eða skriflegur eftir því sem verkast vill og aðiljum hefir þótt nægilega tryggilegt. Löggjafinn hefir leitt hjá sér að skipa fyrir um sérstakar reglur fyrir þessa samninga. Kaupkröfum sjómanna á slíkum skipum, sem ráðnir hafa verið upp á fast kaup, hafa því fylgt sömu réttindi og öðru verkkaupi um forgang fyrir öðrum kröfum í bú

skuldara, en ekki frekara. Fyrsta skilyrði fyrir því, að sjóveðréttur fylgi kaupum skipverja, er það, að skipverjinn sé lögskráður, það er, ráðinn á ákveðið skip með samningi, sem að formi og efni er gerður samkv. gildandi lögum um lögskráningu sjómanna. Nú hefir slíkt ekki átt sér stað um ráðningu stefnanda og er það út af fyrir sig næg ástæða til þess að krafa hans um sjóveðrétt fyrir kaupum sínu getur ekki orðið tekin til greina.

Samkv. því, sem nú var sagt, þarf ekki að athuga nánar þriðju sýknuástæðu stefnds Gunnlaugs eða varakröfur hans, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður, að því er hann snertir, falli niður.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndur Loftur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 234.65 með vöxtum eins og krafizt hefir verið, þar sem engum andmælum hefir verið hreyft gegn hæð þeirra. Svo greiði sami stefndur stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 85.00.

**Því dæmist rétt vera:**

Stefndur Loftur Jónsson greiði stefnandanum, Haraldi Eliassyni, kr. 234.65 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1936 til greiðsludags og kr. 85.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---